

## Fræði sjónmenningar - MMF06, kennari Anna Jóhannsdóttir.

Verkefni 3, myndgreining. Í þessu verkefni á að greina verk á **formrænum forsendum**, það er rýna í formræna þætti verksins eins og myndbyggingu, línu, lit, form og áferð þess í þeim tilgangi að grennslast fyrir um merkingu verksins.

Verefnið sem ég hef valið mér til greiningar er leirlistaverk eftir Steinunni Marteinsdóttur, sjá mynd sem ég tók af verkinu þar sem það stendur á gólfinu í vinnuherbergi mínu í Verzlunarskóla Íslands. Verkið verður síðar hengt upp á vegg skrifstofunnar þar sem það mun njóta sín í dagsljósi frá glugga herbergisins.



Leirlistaverk eftir Steinunni Marteinsdóttur

Verkið er unnið árið 1986, samanber ártal sem skráð er neðst í hægra horni þess, en ekki er mér ljóst hvaða nafn það ber. Í einni grein<sup>1</sup> um listaverk Steinunnar frá þessum tíma fann ég nöfn á leirlistaverkum hennar eins og „Óp“, „Ákall“ og „Gripíð í tómt“ og ég velti því fyrir mér hvort verkið sem hér er tekið fyrir gæti verið hið síðast nefnda?

Á heimasíðu Steinunnar Marteinsdóttur kemur þetta fram um uppruna hennar: „Steinunn Marteinsdóttir fæddist í Reykjavík 1936 í húsi afa síns Bjarna Sæmundssonar náttúrufræðings. Móðir hennar, Kristín Bjarnadóttur, kenndi á píanó, faðir hennar Marteinn Guðmundsson starfaði sem myndskeri og myndhöggvari - og gerði reyndar mjög fallega höggmynd af Steinunni barnungri. Marteinn var frá Merkinesi í Höfnum og þar dvaldi fjölskyldan einatt á sumrin, þar vann Steinunn ung við rófnarækt og í frystihúsi.“<sup>2</sup>

Á heimasíðu Steinunnar kemur einnig fram að hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands í Reykjavík á árunum 1956-1957 og Hochschule für Bildende Künste í Berlín á árunum 1957-1960.<sup>3</sup>

Í viðtali Huldu Valtýsdóttur við Steinunni er hún spurð hvernig hún vinni leirlistaverkin sín og hún svarar: „Ég sest þá niður á kvöldin og skissa mikið og vel svo úr skissunum. Þær teikna ég svo

<sup>1</sup> <http://listasafnreykjavikur.is/sites/default/files/umfjollun-fjolmidla/pdf/1984/Steinunn%20Marteinsd%C3%B3ttir/18320758.pdf>

<sup>2</sup> <http://www.hulduholar.com/rabb.htm>

<sup>3</sup> <http://www.hulduholar.com/ferill.htm>

upp í rétta stærð og bý til mót úr pappa sem ég móta eftir leirnum, en nota ekki mót.<sup>4</sup> Og svo heldur hún áfram í sama viðtali: „Jú, þetta er ákaflega skemmtileg og spennandi listgrein að fást við, sem krefst mikillar vinnu og einbeittni og jafnvel líkamskrafta þegar unnið er við stóra hluti. Það kemur líka fyrir að þeir brotni í höndunum á manni í miðjum klíðum og mikil vinna fer þá forgörðum. En þá er eina ráðið að bíta á jaxlinn — vera ekki skaðsár og byrja bara uppá nýtt.“<sup>5</sup>

Leirlistaverkið sem hér um ræðir er unnið í ljósan leir og því komið fyrir á sandblásinni plötu. Stærð þess er 92 cm x 102 cm. Verkið er í einföldum tréamma. Leirinn sem unnið er með er annars vegar grófur jarðleir og hins vegar fíngerðari postulínsleir. Sandurinn á bakgrunnsplötunni er einnig tvenns konar: Fíngerður og grófgerður.

Myndefnið eru lífræn form sem minna á öldur, ský, skeljar eða pils og svo handleggir sem eru beinir og líkjast helst prikum. Bakgrunnurinn er hluti af myndefninu en hann er sandblásinn og myndar hann dökkann ramma utan um myndflötinn en ljósari miðjuflöt.

Myndfletinu er skipt í þrjá láréta hluta. Í neðsta hlutanum eru tvær leirskeljar, ský eða pils sem opnast upp að miðju verksins, ytri skelin er úr fínlegum postulínsleir en sú innri úr grófum jarðleir. Í miðhlutanum eru handleggir tveir sem teygja sig þráðbeinir upp úr neðri leirskeljunum og þeir eru úr grófum jarðleir. Í efsta hlutanum eru tvær leirskeljar sem opnast á móti handleggjunum, sú ytri er úr fínlegum postulínsleir en sú innri úr grófum jarðleir. Ef horft er inn í myndflötinn, þá er hann líka þrískiptur frá því sjónarhorni. Ysti hlutinn eru leirskeljarnar efri og neðri, í miðhlutanum eru handleggirnir og innst er sandblásni bakgrunnurinn. Bakgrunnurinn er í dekkstur yst og þar eru hann fínkornóttur en svo ljós í miðju verksins og þar er hann grófkornóttur.

Línur leirskeljanna eru sveigðar eins og öldufaldur, skýjabakki eða pilsfaldur og þessar sveigðu línur gera það að verkum að það er eins og formin séu á hreyfingu, líkt og öldur sem bærast á vatnsfleti, ský sem sigla um himinhvolfið eða pils sem sveiflast í dansi. En handleggirnir tveir sem teygja sig upp úr neðri leirskeljunum eru beinir og lífvana.

Við fyrstu sýn virðist verkið vera einlitt, úr fílabeinlitum leir og sandi, en við nánari aðgát kemur í ljós að litbrigði leirs og sands eru alveg frá því að vera fannhvít, yfir í það að vera fílabeinshvít, ljósbrún, dökkbrún og svört. Grófi jarðleirinn er dekkri að lit en fíngerði postulínsleirinn og fíngerði sandurinn er dekkri en sá grófgerðari.

Yfirbragð verksins alls er hrjúft, enda sandur og leir hrjúf efni. En form þess eru þó að mestu leyti mjúk. Þessar andstæður togast á og gera spennu í verkið.

Verkið er þrívítt og fjarvíddin því augljós, en hún gerir verkið einmitt margbreytilegt eftir því hvernig ljós fellur á það. Umhverfið með sína breytilegu birtu skiptir því miklu máli fyrir þetta verk og við nánari aðgæslu er það alls ekki eins einfalt og það virðist í fyrstunni vera. Í heild sinni má segja að það hvíli ró og friður yfir þessu verki, en þó er eins og handleggirnir ólífrænu setji í það einhvern óróa og trega. Það er þessi órói sem gerir það að verkum að mér finnst nafnið „Gripið í tómt“ geta átt við um þetta verk.

Reykjavík 22.september 2015  
Sigurlaug Kristmannsdóttir

---

<sup>4</sup> <http://listasafnreykjavikur.is/sites/default/files/umfjollun-fjolmidla/pdf/1984/Steinunn%20Marteinsd%C3%B3ttir/18320758.pdf>

<sup>5</sup> <http://listasafnreykjavikur.is/sites/default/files/umfjollun-fjolmidla/pdf/1984/Steinunn%20Marteinsd%C3%B3ttir/18320758.pdf>